203. fundur Kirkjugarðaráðs

Haldinn á skrifstofu Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma í Fossvogi

Fimmtudaginn 16. maí 2024.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir fyrrverandi skrifstofustjóri Biskupsstofu, fulltrúi biskups og formaður ráðsins sem stýrði fundi, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri KGRP og fulltrúi kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar og fulltrúi Kirkjuþings, Sigurgeir Skúlason starfsmaður kirkjugarðaráðs og Rúnar Leifsson forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð. Gestur á fundi var Geirlaug Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri Hagvangs ehf. ráðninga- og ráðgjafafyrirtækis.

Dagskrá fundar:

1. *Fundur settur kl. 13:25*. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.
2. *Umsóknir um stöðu nýs framkvæmdastjóra kirkjugarðaráðs.* Framkvæmdastjóri Hagvangs fór yfir stöðuna nú þegar umsóknarfrestur er liðinn og ræddi ráðningarferlið sem fram undan er. Gert er ráð fyrir að ferlið klárist fyrir 13. júní.
3. *Endurskoðun á samkomulagi kirkjugarðaráðs og dómsmálaráðuneytis um framlag ríkissjóðs til starfsemi kirkjugarða.* Árið 2005 undirritaði biskup Íslands f.h. kirkjugarðaráðs samkomulag um framlag úr ríkissjóði til starfsemi kirkjugarða. Frá árinu 2005 hefur framlag ríkis til kirkjugarða hækkað um tæplega 93% á meðan verkefni kirkjugarðanna hafa á sama tíma margfaldast, t.a.m. hvað varðar fjölda greftrana og fermetra í umhirðu. Kynnt voru og samþykkt drög að bréfi til dómsmálaráðherra þar sem óskað er eftir nýjum samningi við dómsmálaráðuneyti sem endurspeglar raunverulegan kostnað við rekstur kirkjugarða. Bréfið verður sent á næstu dögum. Rætt var um nauðsyn þess að hið opinbera móti sér stefnu um þróun málefna kirkjugarða til framtíðar. Þær tegundir greftrana sem áhersla verður lögð á, bálfarir og duftker eða kistugrafir, munu hafa bein áhrif á umfang kirkjugarða og nýtingu lands sem og útgjöld vegna þessa.
4. *Aðalfundur KGSÍ og útgáfa á blaðinu Bautasteinn.* Aðalfundur Kirkjugarðasambandsins verður haldinn stafrænt í gegnum Teams. Fundarboð með tengli hefur þegar verið sent á tengiliðalista. Á næsta ári fagnar sambandið 30 ára afmæli og verður þá haldinn aðalfundur í raunheimum. Kynnt var nýtt tölublað tímaritsins Bautasteinn.
5. *Næsti fundur.* Fimmtudaginn 13. júní kl. 13:00, staðsetning verður ákveðin síðar.
6. *Önnur mál.* Engin önnur mál.

Fundi var slitið kl. 15:40.